

Þetta er yður, herra sýslumaður hjermeð til vitundar gefið yður til leið- **115**
beiningar og til birtingar fyrir hreppsnefnd Sauðárhrepps, og ber yður að leggja ^{21. nóvbr.}
fyrir nefndin að greiða frammannefnda upphæð án frekari dráttar.

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Arnessýslu um skipting 116
Grímsneshrepps í tvö sveitarfjelög. 21. nóvbr.

Með brjefi yðar, herra sýslumaður, dags 5. maí þ. á., hefir stjórnarráð-
inu borizt erindi frá hreppsnefndinni í Grímsneshreppi í sýslu yðar um skipting
þessa hrepps í tvö sveitarfjelög ásamt meðmælum hlutadeigandi sýslunefndar með
því, að skipting þessi verði leyfð. Ennfremur hafa hingað borizt með brjefi yðar,
dags 2. þ. m., tillögur yðar og hreppsnefndar Grímsneshrepps um tölu hrepps-
nefndarmanna í hvorum hinna tveggja fyrirhuguðu hreppa.

Útaf þessu skal hjermeð samkvæmt 23. og 2. gr. í tilskipun 4. maí 1872
um sveitarstjórn á Íslandi skipað svo fyrir, sem hjer segir.

1. Grímsneshreppi í Arnessýslu skal skipt í tvö sveitarfjelög, þannig að
takmörkin milli hinna nýju hreppa verði Apá, Apavatn og Hagaós, og nefnist
efri hlutinn Laugardalshreppur, en syðri hlutinn haldi nafninu Grímsneshreppur.

2. Öllum eignum skuldum og sveitarþyngslum hins núverandi Gríms-
neshrepps, þeim er verða þegar skiptingin fer fram, skal skipt þannig milli
hinna nýju hreppa, að í hlut Laugardalshrepps komi $\frac{1}{4}$ hluti, en í hlut Gríms-
nesshrepps $\frac{3}{4}$ hlutar, og eptir sama hlutfalli skal skipta sveitarþyngslum þeim,
er síðar kunna til að koma og eiga rót sína í fjelagsskap þeim, sem hingað til
hefir átt sjer stað milli hinna nýju hreppa. Þó er gjör sú undantekning frá ný-
nefndri reglu um skipting skuldanna, að af 5000 kr. láni því, er tekið hefir ver-
ið til brúargerðar á Sogið, greiði Laugardalshreppur aðeins 500 kr., en sje að
öðru leyti laus við allan kostnað af brú þessari og viðhaldi hennar.

3. Aðskilnaður hreppanna skal fram fara þegar er hreppsnefndir hafa
verið kosnar í hvorum hinna nýju hreppa og skulu vera 3 hreppsnefndarmenn í
Laugardalshreppi og 5 í Grímsneshreppi, en þær skulu síðan framkvæma skipt-
inguna á eignum, skuldum og sveitarþyngslum, en verði ágreiningur útaf skipt-
ingunni, skal úr honum skorid af sýslunefnd, sem einnig skal kveða á um fjall-
skil og afrjetti.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, frekari
aðgjörða og birtingar, að því viðbættu að með framangreindri fyrirskipan er eng-
in breyting gjörð á hinum forna Grímsneshreppi sem dómpinghá nje manntals-
pinghá.